

Ársskýrsla 2024

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem mennta- og barnamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Breytingar urðu í stjórn sjóðsins á árinu þar sem nýr formaður var skipaður.

Stjórn SEF árið 2024 skipuðu:

- Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar.
- Símon Cramer, fulltrúi Kennarasambands Íslands.
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Skólameistarafélags Íslands.
- Sólveig Kristjánsdóttir fulltrúi Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt tvo fundi á árinu:

- 14. mars (nefndarfundur og úthlutun sumarnámskeiðsstyrkja)
- 15 október (nefndarfundur og úthlutun ráðstefnu- og gestafyrirlesarastyrkja)

Starfsemi

Stjórn SEF ákvað að halda áfram að veita styrki til tveggja styrkjaflokka: Sumarnámskeiða og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja. Einingabær námskeið í háskólum hafa áður verið styrkt en ekkert var sótt um það á þessu né fyrra ári. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 16. febrúar og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja var 5. október.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfraði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og beiðni um greiðslu styrkja.

Fjárhagsuppgjör

Fjárhagsstaða sjóðs SEF 2024

Af fjárlagalið	40.000.000
Úthlutun	
Sumarnámskeið úthlutað upphæð	14.055.324
Sumarnámskeið útgreidd upphæð	14.055.324
Ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni	1.233.200
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir	23.600.000*

*Greitt út á tímabilinu 1.nóvember 2024 – 31. október 2025

Umsýsla Rannís	3.049.000
Einingabært nám í háskólum 2023	0

Sumarnámskeið

Umsóknir voru alls 23 talsins en ein var metin ógild. Úthlutað var til 22 sumarnámskeiða á árinu 2024 fyrir samtals 538 kennara. Af þeim fóru 19 fram en þremur var aflýst. 18 námskeið fóru fram hér á landi en eitt erlendis að þessu sinni. Af þessum námskeiðum voru átta haldin hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og 11 hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum. Endanlegur fjöldi kennara sem sótti þessi námskeið voru 332 talsins og var meðallengd þeirra u.þ.b. 2,36 dagar.

Tafla 1. Sumarnámskeið innanlands

Námskeiðshaldari	Nafn – Fagfélag	Heiti eða lýsing námskeiðs	Úthlutan kr.	Lokagreiðsla m/ferðastyrk kr.
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Námskrárgerð	190.000	190.000
3F Félag um upplýsingat/menntun	3F Félag um upplýsingat/menntun	Microsoft 365 - sköpun, sjálfvirkni, samvinna	1.165.000	1184700
Menntaskólinn að Laugarvatni	Menntaskólinn að Laugarvatni	Leiðsagnarnám	60.000	0
STÍL,samtök tungumálakennara	STÍL,samtök tungumálakennara	Critical Connections - Stafræn, fjöltyngd sögugerð	250.000	270.000
Félag náms- og starfsráðgjafa	Félag náms- og starfsráðgjafa	Tímastjórnun og lyklar að vellíðan á vinnustað	522.000	434.017
Félag spænskukennara á Íslandi	Félag spænskukennara á Íslandi	Sumarnámskeið Félags spænskukennara 2024	371.924	371.924
FTK, félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	FTK, félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	Hópavinna í tölvunarfræði	316.900	276.900
Félag raungreinakennara	Félag raungreinakennara	Losun gróðurhúsalofttegund a og loftgæði á Íslandi	754.000	793.800
Félag kynjafræðikennara	Félag kynjafræðikennara	Sumarnámskeið kynjafræðikennara	905.000	426.609

Félag félagsfrkenn framhskstigi	Félag félagsfrkenn framhskstigi	Inngilding - stéttskipting - ójöfnuður	905.000	669.591
Félag frönskukennara á Íslandi	Félag frönskukennara á Íslandi	Endurmenntunardagur frönskukennara	376.000	376.000
FLÍF-Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	FLÍF-Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	Dekko Comics	735.000	796.978
Verkmenntaskóli Austurlands	Verkmenntaskóli Austurlands	Hatursorðræða og fordómar	300.000	300.000
Flensborgarskóli	Flensborgarskóli	Farsæld	300.000	300.000
Samtök List- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	Samtök List- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	Sumarnámskeið SLHF 2024	490.000	490.000
Menntaskólinn við Sund	Menntaskólinn við Sund	Tími til kominn að tengja! Samvinna í MS	558.000	558.000
Samtök móðurmálskennara	Samtök móðurmálskennara	Heildstæð íslenskukennsla	425.000	683.336
Samtök líffræðikennara,Samlí f	Samtök líffræðikennara,Samlí f	Sumarnámsskeið Samlífs um svefn og svefnrannsóknir	460.000	447.301
Félag enskukennara á Íslandi	Félag enskukennara á Íslandi	Building Book Love – Increasing student engagement	600.000	600.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Leiðsagnarkennsla og leiðsagnarmat	420.000	420.000
Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr	Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr	Frumkvöðlafræði kennsluaðferðir	447.000	447.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Jafningjatengsl, þrautseigja og jákvæð forysta	575.000	575.000
Félag sögukennara	Félag sögukennara	Sumarnámskeið: Mannréttindi og skautun	762.000	725.789
Myndlistaskólinn í Reykjavík ses.	FATEX	Sumarnámskeið fyrir FATEX	350.000	350.000
Samtök sálfr/uppeldisfr kennara	Samtök sálfr/uppeldisfr kennara	Ástin og listin að elska	447.500	447.500
Félag íslenskra sérkennara	Félag íslenskra sérkennara	Ofbeldishegðun og hegðunarvandi nemenda	415.000	625.744
Félag dönskukennara	Félag dönskukennara	Dansk for gymnasielærere	955.000	1.048.700

Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og framhaldsskólum styrk til að senda einn til tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í fagfélag. Upphæð gestafyrirlesarastyrkja var 100.000 kr. og upphæð ráðstefnustyrkja var 300.000 kr. á mann.

54 umsóknir bárust og voru allar samþykktar. Úthlutað var samtals 14 gestafyrirlesarastyrkjum og 40 ráðstefnustyrkjum. Heildarupphæð samþykktra umsókna var kr. 23.600.000. Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

Tafla 3. Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir

Fagfélag/Skóli	Tegund styrks	Styrkuppahæð Úthlutað kr.
Flensborgarskóli	1 ráðstefnustyrkur	600.000
Félag dönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag enskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag frönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag sérkennara á Íslandi	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag kennara í rafiðngreinum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag kynjafræðikennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag raungreinakennara	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag sálfr/uppeldisfr. Kennara	1 gestafyrirlesarastyrkur	100.000
Fagfélag hársnyrtikennara	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
3f - Félag um upplýsingatækni og menntun	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag félagsfræðikennara á Íslandi	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag sögukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Félag um leiklist í skólastarfi, FLÍSS	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Félag þýskukennara á Íslandi	2 ráðstefnustyrkur	600.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 ráðstefnustyrkir	600.000

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Fjölbrautaskóli Vesturlands	2 ráðstefnustyrkir	600.000
FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Framhaldsskólinn á Húsavík	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Framhaldsskólinn á Laugum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Framhaldsskólinn á Vestmannaeyjum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
FTK, félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Kvennaskólinn í Reykjavík	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn á Tröllaskaga	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn á Egilsstöðum	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn við Sund	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn á Ísafirði	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn í Kópavogi	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn við Hamrahlíð	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn í Reykjavík	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Samtök líffræðikennara – Samlíf	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Samtök móðurmálskennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	700.000
Samtök sálfr/uppeldisfr. kennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 ráðstefnustyrkur	700.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Verkmenntaskóli Austurlands	2 ráðstefnustyrkir	600.000
Tækniskólinn	2 ráðstefnustyrkir	600.000

Skúli Leifsson, Rannís